



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 17. febrúar 2020

2001058SA TP
Málalykill: 00.63

Efni: **Breyting á lögum um málefni innflytjenda - 457. mál 150. lþ.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. janúar 2020, þar sem frumvarp á ofangreindu þingmáli er sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sambandið hefur komið að gerð frumvarpsins og styður eindregið að breytingar nái fram að ganga á lögum um málefni innflytjenda. Mjög áriðandi er hins vegar að breytt lög hafi að geyma nægjanlega öfluga lagastoð fyrir þeirri samræmdu móttöku flóttafólks sem verið er að innleiða. Í því skyni þarf að skerpa á nokkrum atriðum í fyrirbyggjandi frumvarpi, sbr. hér á eftir. Sambandið leggur mikla áherslu á að þessi atriði verði rýnd þannig að ekki komi upp hnökrar í innleiðingu verkefnisins vegna skorts á skýrum lagaákvæðum.

Skilgreiningar

Sambandið leggur til að 2. gr. laganna innhaldi eftirfarandi skilgreiningar sem gildi við framkvæmd stjórnslu skv. lögnum:

Flóttafólk: Einstaklingar sem á grundvelli laga um útlendinga hafa (1) fengið stöðu flóttamanns skv. 1. eða 2. mgr. 37. gr. laganna (2) fengið dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann skv. 37. gr. laganna eða (3) fengið dvalarleyfi á grundvelli ríkra mannúðarsjónarmiða skv. 1. mgr. 74. gr. laganna.

Móttökusveitarfélag: Sveitarfélag sem gert hefur samning við félagsmálaráðuneytið um móttöku flóttafólks.

Boð um búsetu: Niðurstaða Fjölmeningarseturs um móttökusveitarfélag, sem kynnt er einstaklingi eða fjölskyldu í hópi flóttafólks. Niðurstaðan er byggð á mati á stöðu og þörfum viðkomandi og atvinnu- og búsetumöguleikum í hlutaðeigandi móttökusveitarfélagi.

Efni núverandi 2. gr. færast til og verði 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna.

Hlutverk Fjölmeningarseturs

Sambandið leggur til að ný 3. gr. a hljóði svo:

Samræmd móttaka flóttafólks.

Fjölmeningarsetur skal veita móttökusveitarfélögum faglegar leiðbeiningar og ráðgjöf vegna samræmdrar móttöku flóttafólks og viðhafa samráð við þau um meðferð einstaklingsmála. Fjölmeningarsetur býður flóttafólki að setjast að í tilteknu móttökusveitarfélagi á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja. Í þessu skyni er Fjölmeningarsetri heimil meðferð stjórnslumála á grundvelli mats á

stöðu og þörfum flóttafólksins og atvinnu- og búsetumöguleikum þess í móttökusveitarfélagi.

Fjölmeningarsetur veitir flóttafólki sem ákveður að þiggja ekki boð um búsetu í móttökusveitarfélagi upplýsingar um almenna þjónustu sveitarfélaga.

Fjölmeningarsetur skal halda utan um og standa fyrir samráði milli þeirra aðila sem koma að móttöku flóttafólks á Íslandi, m.a. á vettvangi samráðsnefndar sbr. 3. gr. c.

Samráðsnefnd

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í tillögur nefndar um samræmda móttöku flóttafólks, sem birtar voru í janúar 2019. Vert er að undirstrika að ein megin tillaga nefndarinnar hljóðaði svo:

Stofnuð verði samráðsnefnd með tryggri lagastoð til að stuðla að sem bestu samræmi og samhæfingu vegna móttöku og aðstoðar við flóttafólk.

Samkvæmt tillögunni væri það félags- og barnamálaráðherra að skipa í nefndina. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins myndi fara með formennsku en aðrir fulltrúar kæmu frá sveitarfélögum, Útlendingastofnun, Fjölmeningarsetri, Vinnumála- stofnun, Rauða krossinum á Íslandi auk þess sem ráðgert var að starfsmaður nefndarinnar kæmi frá félagsmálaráðuneytinu.

Sambandið kallar mjög ákveðið eftir því að þessi tillaga verði tekin inn í fyrirliggjandi frumvarp sem ný 3. gr. c. Rétt er að lagaákvæði þar um tengi starf nefndarinnar við markmið laganna, m.a. að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá sbr. 6. gr. gildandi laga.

Mat á áhrifum

Sambandið telur að lögfesting frumvarpsins (með skýrari ákvæðum að teknu tilliti til ofangreindra atriða) muni hafa jákvæð áhrif á stjórnsýslu og fjárhag sveitarfélaga. Aukið hlutverk Fjölmeningarseturs og Vinnumálastofnunar, ásamt skýrari verkaskiptingu, muni leiða til betri nýtingar á starfskröftum sveitarfélaga og draga úr tvíverknaði.

Fyrst og fremst er síðan við því að búast að afmörkun á hlutverkum þeirra opinberu aðila sem koma að móttöku flóttafólks muni skila sér í bættri þjónustu og markvissari stuðningi við einstaklinga og fjölskyldur. Mikilvægt er að þessi stuðningur sé veittur með eftirfylgni yfir 3-5 ára tímabil eftir komu til landsins. Slík nálgun stuðlar að æskilegri aðlögun að samfélaginu og virkri þátttöku á öllum sviðum þess, m.a. á vinnumarkaði.

Af þeirri ástæðu ætti ekki að skera við nögl þau viðbótarútgjöld sem samræmd móttaka flóttafólks kallar á, hvorki hjá Fjölmeningarsetri, Vinnumálastofnun né sveitarfélögum. Sambandið telur viðbótarútgjöld hjá Fjölmeningarsetri vera vanmetin í greinargerð með frumvarpinu og bendir á að útgjaldaauki vegna samræmdrar móttöku mun einnig verða hjá Vinnumálastofnun sem fær skilgreint hlutverk við að sinna samfélagsfræðslu og íslenskukennslu.

Útgjaldaauki sveitarfélaga mun ráðast af samningum sem gerðir verðir milli þeirra og félagsmálaráðuneytisins. Viðræður standa yfir um efni þeirra samninga og er áformað að ljúka þeim sem fyrst.

Samandregið

Sambandið styður eindregið þá samræmdu móttöku flóttafólks sem verið er að innleiða og að breytingar verði gerðar á lögum um málefni innflytjenda til þess að setja inn örugga lagastoð fyrir þeim verkefnum sem opinberir aðilar sinna.

Þessar breytingar þurfa hins vegar að vera nægjanlega ítarlegar til þess að ekki komi upp hnökrar við innleiðingu á samræmdri móttöku flóttafólks vegna skorts á skýrum lagaákvæðum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

